



## Ákvörðun Hugverkastofunnar nr. 19/2019 19. desember 2019

Þann 29. september 2016 lagði Modulus eignarhaldsfélag ehf. inn umsókn um skráningu vörumerkisins



sbr. umsókn nr. V0102066. Sótt var um skráningu fyrir vörur og þjónustu í flokkum 19, 36 og 37. Merkið var skráð og birt í ELS-tíðindum þann 15. desember 2016, sbr. skráning nr. V0102066.

Með erindi, dags. 7. september 2018, barst krafa frá Tego ehf., f.h. Modulbygginga ehf., um að skráning merkisins yrði felld úr gildi á grundvelli 30. gr. a laga nr. 45/1997 um vörumerki (vml.). Krafan byggði á því að merkið skorti sérkenni, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml.

Meðan á meðferð málsins stóð lagði beiðandi inn tvær greinargerðir en eigandi eina. Með erindi Hugverkastofunnar þann 29. apríl 2019 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og ákvarðað yrði í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna<sup>1</sup>.

Þann 14. júní 2019 tilkynnti beiðandi Hugverkastofunni að aðilar máls stefndu að því að ná samkomulagi og var frekari meðferð málsins því sett á bið. Hugverkastofan óskaði eftir upplýsingum um hvort samkomulag hefði komist á milli aðila með erindi, dags. 1. nóvember, en engar upplýsingar bárust og var aðilum máls því tilkynnt þann 18. nóvember 2019 að málið yrði tekið til efnislegrar meðferðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

### Niðurstaða

Samkvæmt 30. gr. a vml. getur hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, eftir að merki hefur verið skráð og andmælafrestir og/eða áfrýjunarfrestir eru liðnir, krafist þess að Hugverkastofan felli úr gildi skráningu ef skilyrði 28. gr. laganna eru uppfyllt. Þá kemur fram í 13. gr. reglugerðar um skráningu vörumerkja o.fl. nr. 310/1997 (rgl.), að slík krafa skuli vera skrifleg, rökstudd og að henni skuli fylgja tilskilið gjald.

Í greinargerð beiðanda kemur fram að lögmætir hagsmunir hans grundvallist á því að eigandi merkisins hafi með vísan til hins andmælt merkis krafist þess að beiðandi láti af notkun sinni á firmaheiti sínu, léni sem og almennri orðnotkun á orðinu *modul*. Með vísan til þess er það mat Hugverkastofunnar að beiðandi hafi sýnt fram á að hann eigi lögmætra hagsmuna að gæta af því að endurskoðun fari fram á skráningu merkisins. Framangreindum skilyrðum 30. gr. a vml. og 13. gr. rgl. hefur því verið fullnægt að mati stofnunarinnar og er krafa um niðurfellingu framangreinds merkis tekin til efnislegrar meðferðar.

Í 1. mgr. 28. gr. vml. segir að unnt sé að fella skráningu úr gildi með dómi eða ákvörðun Hugverkastofunnar hafi vörumerki verið skráð andstætt ákvæðum laganna. Þá er enn fremur unnt að fella skráningu úr gildi ef vörumerki hefur ekki verið notað í samræmi við ákvæði 25. gr., það hefur vegna athafna eða athafnaleysis

---

<sup>1</sup> Greinargerðir málsaðila fylgja ákvörðun við birtingu á [www.hugverki.is](http://www.hugverki.is). Sé um að ræða fylgiskjöl með greinargerðum málsaðila er unnt að fá aðgang að þeim í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.



eiganda þess öðlast almenna merkingu fyrir vöru eða þjónustu á því sviði sem skráning tekur til eða ef vörumerki er notað með þeim hætti að villt getur um fyrir mönnum, m.a. að því er varðar tegund, ástand eða uppruna vöru eða þjónustu. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til vörumerkjalaga kemur fram að það séu aðeins skráningar sem séu andstæðar efnisreglum laganna sem unnt sé að ógilda. Þá segir enn fremur að þau tilvik sem fallið geti undir ákvæði 1. mgr. séu mjög mörg og sem dæmi er nefnt að merki sem skráð hafi verið andstætt ákvæði 13. gr. vml. falli undir ákvæðið. Merki sem skráð hafa verið andstætt ákvæði 1. mgr. 14. gr. laganna falla einnig undir ákvæði 1. mgr. 28. gr. vml. þar sem um efnisreglur er að ræða.



Í málinu er byggt á því að merkið skorti sérkenni og aðgreiningarhæfi í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml. þar sem orðið sé almennt í tengslum við einingahús eða *modular buildings*, en beiðandi telur að um almennt orð sé að ræða og að þrátt fyrir að orðið *modulus* sé ekki að finna í íslenskri orðabók þá megi sjá af framlögðum gögnum málsins að orðið hefur verið notað hér á landi um árabil. Þá bendir beiðandi á að allir fagmenn á sviðinu þekki orðin *modul*, *module* og *modular*.

Sótt var um merkið sem um ræðir þann 29. september 2016, þ.e. fyrir þann tíma sem ný viðmið um mat á sérkenni og aðgreiningarhæfi orð- og myndmerkja tók gildi<sup>2</sup>. Hið andmælt merki er orð- og myndmerki og er því heildarmynd merkisins veitt vernd en ekki einstökum þáttum þess, þ.e. ekki er um vernd á orðhlutanum MODULUS einum og sér að ræða. Að mati stofnunarinnar hefur beiðandi ekki sýnt fram á það að orð- og



myndmerkið skorti sérkenni í tengslum við þær vörur og þjónustu sem það er skráð fyrir, en í erindum hans er eingöngu fjallað um sérkenni orðhlutans í merkinu. Merkið sem um ræðir samanstendur af orðhlutanum MODULUS í dökk gráu lettri auk myndhluta í rauðu og gráu sem sýnir einhvers konar örvar eða hús. Með vísan til framangreinds er það mat stofnunarinnar að heildarmynd þess merkis sem um ræðir uppfylli kröfur 1. mgr. 13. gr. vml. um sérkenni og aðgreiningarhæfi og sé því skráningarhæft



Með vísan til framangreinds er krafa um að skráning vörumerkisins tekin til greina.

nr. V0102066 því ekki

---

<sup>2</sup> Þann 15. september 2017 innleiddi stofnunin ný viðmið við mat á sérkenni og aðgreiningarhæfi vörumerkja, í samræmi við framkvæmd innan Evrópu, sbr. frétt á heimasíðu stofnunarinnar, dags 13. september 2017. Í hinum nýju viðmiðum felst að frá umræddu tímamarki hóf stofnunin að beita þrengri sjónarmiðum en áður við mat á skráningarhæfi merkja sem samanstanda af lýsandi eða almennum orðhluta sem er lítið stílfærður eða með lýsandi myndhluta. Fyrir þann tíma var framkvæmd stofnunarinnar sú að merki sem innihéldu almennan eða lýsandi orðhluta voru talin skráningarhæf svo lengi sem þau voru stílfærð.



## Ákvörðunarorð

Skráning merkisins



nr. V0102066 skal halda gildi sínu.

Vakin er athygli á því að skv. 1. mgr. 63. gr. laga um vörumerki geta aðilar máls áfrýjað ákvörðun Hugverkastofunnar innan **tveggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar** til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjunargjald samkvæmt gildandi reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. greiðist atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við áfrýjun. Vinnist mál hjá áfrýjunarnefnd er hluti áfrýjunargjalds endurgreitt.

Einkaleyfastofan  
Engjateigi 3  
105 Reykjavík

Reykjavík 7. september 2018

Efni: Krafa um stjórnáskráningu niðurfellingu skráningar nr. V0102066 MODULUS (orð- og myndmerki) í eigu Modulus eignarhaldsfélag ehf.

Tilvísun ELS: V0102066

Tilvísun okkar: O1543S

Fyrir hönd umbjóðanda okkar, Modulbyggingar ehf., Eyrarvegi 31, Selfossi, leggjum við hér með fram beiðni um að vörumerkjaskráning nr. V0102066 MODULUS (orð- og myndmerki) verði felld úr gildi á grundvelli 1. mgr. 30. gr. a, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 (vml).

Helstu rök fyrir kröfu okkar um niðurfellingu vörumerkjaskráningar nr. V0102066 MODULUS (orð- og myndmerki) eru að vörumerkið sem skráð var 30. nóvember 2016 og birt í ELS tíðindum 15. desember 2016 hafi ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. 13. gr. vml. um sérkenni. Það er skilyrði fyrir skráningu vörumerkis að það sé til þess fallið að aðgreina vörur og þjónustu eiganda merkisins frá vörum og þjónustu annarra. Þannig eru vörumerki sem lýsa þeirri vöru eða þjónustu sem þeim er ætlað að auðkenna óskráningarhæf. Það sama á við um orð og orðasambönd sem eru algeng í viðskiptum og daglegu máli.

Það er mat umbjóðanda okkar að orðhluti merkisins, MODULUS, sé almennt og algengt orð sem nauðsynlegt er að nota í viðskiptum og daglegu tali í tengslum við þær vörur og þjónustur sem merkinu er ætlað að auðkenna.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 28. gr. vörumerkjaganna, er heimilt að fella úr gildi með ákvörðun Einkaleyfastofunnar skráningu vörumerkis hafi það verið skráð andstætt ákvæðum vörumerkjaganna.

Umbjóðandi okkar hefur lögvarinn hagsmuna að gæta af niðurfellingu skráningarinnar þar Modulus eignarhaldsfélag ehf. hefur með vísan til vörumerkjaskráningar nr. V0102066 MODULUS (orð- og myndmerki) krafist þess að umbjóðandi okkar láti af notkun sinni á firmaheiti, léni sem og almennri orðnotkun á orðinu modul.

Með vísan til framangreinds þá förum við fram á fyrir hönd umbjóðanda okkar að skráning nr. V0102066 MODULUS (orð- og myndmerki) verði felld úr gildi þar sem merkið uppfyllti ekki við skráningu ákvæði 13. gr. vml. um skráningarhæfi.

Gerist þess þörf þá áskiljum við okkur rétt á að leggja fram frekari gögn og rökstuðning í málinu.

Virðingarfyllt,

Tego ehf.



Lovísa Jónsdóttir, hugverkalögfræðingur

Einkaleyfastofa

Engjateigi 3

105 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember 2018

**Efni: *Krafa um að skráning merkisins Módull, nr. V0102073, eigandi Modulus eignarhaldsfélag ehf. verði felld úr gildi.***

Vísað er til erindi dags. 7. september 2018 um kröfu þess efnis að vörumerkjaskráning nr. V0102073 MÓDULL (orðmerki) verði felld úr gildi á grundvelli 1. mgr. 30. gr. a, sbr. 1. mgr. 28. gr. vml. Fyrir hönd eiganda er þess hér með krafist að kröfunni verði hafnað og að umþrætt skráning haldi gildi sínu.

Í upphafi skal þess getið að eigandi hóf undirbúning að verknefni því sem félagið vinnur nú að í tengslum við innflutning- og sölu á einingarhúsum, undir vöruheitinu „Módull“ árið 2016. Ákvörðunin var tekin í samráði við auglýsingarstofu, einkum í tengslum við markaðssetningu á vörum félagsins. Að mati eiganda eru vörumerkjaréttindi hans hafin yfir allan vafa og hefur hann nú þegar gert beiðanda ljóst fyrir því að skilyrði lögbanns séu fyrir hendi vegna hagnýtingar félagsins á vörumerki eiganda.

Eigandi sótti um skráningu á orðmerkinu „Módull“ í vörumerkjaflokki nr. 19 sem var samþykkt þann 30. nóvember 2016 og birt í ELS-tíðindum þann 15. desember 2016. Vörumerkjaréttur eiganda er því til staðar, bæði á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vml. Af hálfu beiðanda er á því byggt að vörumerki eiganda sé almennt og algengt orð sem nauðsynlegt sé að nota í viðskiptum og daglegu tali í tengslum við þær vörur sem merkinu er ætlað að auðkenna, þ.a.l. uppfylli vörumerkið ekki skráningarhæfi skv. 13. vml. um skráningar hæfi. Þessum sjónarmiðum beiðanda er að sjálfsgöðu harðlega mótmælt.

Fullyrðingar um að orðið „Módull“ sé almennt og algengt orð sem nauðsynlegt sé að nota í viðskiptum og daglegu tali í tengslum við vörur þær vörur sem merkið auðkennir eru haldlausar að mati eiganda. Í þessu samhengi virðist sem beiðandi vísi til orðsins „Module“, þ.e. íslenska heitið „Eining“. Orðið „Módull“ er ekki sambærilegt í því samhengi enda um nýyrði að ræða sem er ekki undir nokkrum kringumstæðum sambærilegt hinu almenna orði „eining“. Í ógildingarbeiðni er ekki rökstutt með hvaða hætti beiðandi tekji sig þurfa að nota vörumerki eiganda í viðskiptum og daglegu tali með vörur sínar. Fjölmarginir aðilar starfa í sama geira án með ágætis árangri án þess að brjóta gegn vörumerkjarétti eiganda.

Í greinargerð beiðanda er að öðru leyti í engu útskýrt hvernig skilyrði 1. mgr. 28. gr. vml. séu uppfyllt í málinu, en eigandi telur ljóst að skráning vörumerkisins hafi verið í fullkomnu samræmi við ákvæði vörumerkjalaga. Skyndilegir lögvarðir hagsmunir beiðanda urðu fyrst til

Þegar félagið hóf notkun á vörumerki eiganda sem byggir á því að skilyrði 30. gr. a. og 28. gr. vml. séu ekki uppfyllt í málinu.

Eigandi framleiðir og selur vörur undir hinu skráða vörumerku „MÓDULL“, í því skyni að aðgreina vöru sýna frá vörum annarra á sama markaði, sem ýmist notast við orðin „Einingarhús“, „Smáhýsi“ eða „Timburhús“, o.s.frv. Eigandi sendi beiðanda kröfubréf þess efnis að hann láti af notkun sinni í atvinnuskyni þann 13. júlí sl., **sbr. fskj. 1.** Tilefni ógildingarbeiðni þessarar er einfaldlega sú að beiðandi hefur nú þegar hafið hagnýtingu á vörumerki eiganda með ólögsmætum hætti. Að mati eiganda er ekki hægt að tala um lögvarða hagsmunum í þessu samhengi.

Þegar eigandi skráði umþrætt vörumerki fór Einkaleyfastofa ítarlega yfir skilyrði 13. um aðgreinanleika og sérkenni. Með skráningunni sjálfri var staðfest að merkið uppfylli skilyrði laganna og eiganda var heimilt að skrá merkið. Eigandi tekur undir niðurstöðu Einkaleyfastofu í því samhengi. Orðmerki eiganda er í fullu samræmi við þann rekstur sem þegar fer fram af hálfu eiganda og framsetning félagsins veitir merkinu fullnægjandi aðgreiningarhæfi frá vörum annarra á sama markaði.

Eigandi hefur lagt mikla vinnu og fjármuni í að auglýsa vörumerki sitt og vörur undir vöruheitinu „MÓDULL“ og firmaheitinu „Modulus“. Skráning vörumerkisins sætti engum andmælum, hvorki af hálfu beiðanda né annarra. Það var ekki fyrr en eigandi benti beiðanda á brot hans gegn vörumerkjarrétti eiganda sem formlegar athugasemdir hafi verið gerðar með umþrættari ógildingarbeiðni. Í þessu samhengi koma reglur um tómlæti til álita við úrlausn málsins að mati eiganda.

Eigandi ítrekar að skilyrði 1. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 28. gr. séu ekki fyrir hendi í málinu. Af hálfu eiganda er þess góðfúslega krafist að ógildingarbeiðni, Modulbygginga ehf., verði hafnað og skráning merkisins „MÓDULL“ haldi gildi sínu að fullu.

Eigandi lýsir sig reiðubúin til að leggja fram frekari gögn og rökstuðning sé þess óskað og er áskilinn réttur til þess að koma á framfæri frekar gögnum og sjónarmiðum til stuðnings málsástæðum eiganda. Þá er þess sérstaklega óskað að eiganda gefist kostur á að taka afstöðu til allra gagna sem Einkaleyfastofu kann að berast við meðferð málsins, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllt,



Páll Bergþórsson lögmaður

Einkaleyfastofan  
Engjateigi 3  
105 Reykjavík

Reykjavík 28. janúar 2019

Efni: Krafa um stjórnsýslulega niðurfellingu skráningar nr. V0102066 MODULUS (orð- og myndmerki) í eigu Modulus eignarhaldsfélag ehf.

Tilvísun ELS: V0102066

Tilvísun okkar: O1543S

Frestur: 28. janúar 2019 (færst frá 27. jan.)

Vísað er til fyrri samskipta í ofangreindu máli, síðast tölvupósts Einkaleyfastofu þar sem staðfest er framlenging á fresti okkar til 27. janúar 2019 sem og tölvupósts frá 23. nóvember 2018 þar sem áframsend er greinargerð mótaðila.

Umbjóðandi okkar hefur falið okkur að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í greinargerð sinni dagsettri 23. nóvember 2018 er því haldið fram að skilyrði 1. mgr. 30. gr. a, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 (vml) séu ekki uppfyllt. Í greinargerðinni er reyndar vísað til 1. mgr. 30 gr. sem ekki á við en að því gefnu að um misritun hafi verið að ræða þá er því hafnað að skilyrði laga séu ekki uppfyllt.

Ávallt hefur verið litið svo á skilyrðið sé uppfyllt ef merkjaeigandi beitir rétti sínum fyrir sig enda teljist það vera ríkir lögvarðir hagsmunir að fá úr því skorðið að sú skráning sem merkjaeigandi vill beita sé gildi. Eins og tekið var fram í ógildingarbeiðni okkar þá liggja einmitt hagsmunir umbjóðanda okkar í því að eigandi skráningar. Nr. V0102066 MODULUS hefur vísað til skráningarinnar í kröfubréfi sínu til umbjóðanda okkar.

Því er haldið fram í greinargerð eiganda að orðið MODULUS sé nýyrði en það er ekki rétt. Samkvæmt vefsíðunni snara.is er orðið modulus enskt orð sem hefur merkinguna: “1. (í eðlisvísindum) stuðull, tala sem lýsir tilteknum eiginleika efnis eða hlutar: modulus of elasticity, fjaðurstuðull. 2. (í stærðfræði) a. lengd, núllfjarlægð (tvinntölu) . b. leifastofn, tala sem deilt er með til að bera saman afganga í samleifingu (congruence)”. Ef leitað er að merkingu orðsins í hugtakasafni þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins þá er orðið þýtt sem stuðull. Hér er því ekki um nýyrði að ræða.

Í greinargerð eiganda er vísað til þess að andmælandi telji að orðið modulus tengist enska orðinu „module“. Er því haldið fram í greinargerðinni að orðið modulus sé ekki sambærilegt orðinu module enda sé það nýyrði. Eins og rakið er hér að ofan þá er orðið modulus ekki nýyrði, þá er það heldur ekki ótengt enska orðinu module. Samkvæmt Oxford Dictionaries þá er uppruni orðsins module einmitt orðið modulus, sjá fylgiskjal nr. 1. Í sama fylgiskjali má einnig sjá að orðið modular á sér sama uppruna.

Þá kemur orðið modúlus ásamt orðinu modúl fyrir í grein eftir Steingrím Jónsson sem birtist í tímaritinu Skírnrir árið 1962, sjá fylgiskjal nr. 2, þar sem finna má greinina í heild sinni en bls. 62 er dregin út og

sett fremst í skjalið. Orðið modulus kemur einnig fram í fjölmörgum öðrum greinum sem finna má á síðunni timarit.is.

Tenging orðsins modulus við orðin modul eða modular er því ótvíræð en það eru einmitt þau orð sem notuð eru um allan heim í byggingargeiranum yfir staðlaða einingu eða hlut sem er hluti af stærri einingu.

Á ensku er talaða um module og modular buildings en það eru einmitt modular buildings eða einingahús sem eigandi skráningar nr. V0102066 MODULUS er að flytja inn og selja undir merkinu modulus. Í fylgiskjali nr. 3 má finna nánari upplýsingar um þessa aðferðarfræði. Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð eru orðin modul og modulbygg, modulhus notuð fyrir það sem á íslensku heitir einingahús.

Skráning nr. V0102066 MODULUS er í eftirfarandi flokkum: „19 „byggingarefni (ekki úr málm); ósveigjanlegar pípur í byggingar, ekki úr málm; asfalt, bik og malbik; færanlegar byggingar, ekki úr málm; minnisvarðar, ekki úr málm. 36: „tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti. 37: byggingastarfsemi; verkstjórn við byggingastarfsemi; bygging á verksmiðjum“.

Eins og farið hefur verið yfir hér að ofan þá er tenging orðsins modulus við þau almennu orð sem notuð eru fyrir einingahús eða modular buldings ótvíræð. Þrátt fyrir að orðið modulus sé ekki að finna í íslenskri orðabók þá má sjá af framlögðum gögnum að orðið hefur engu að síður verið notað hér á landi um árabil. Allir fagmenn þekkja orðin modul/module og modular. Þá má sjá að í almennu máli þá er vísað til modular bygginga eða modual hús, sjá fylgiskjöl nr. 4 og 5. Einnig vísuð við til greinargerðar okkar og gagna sem lögð eru fram í beiðni um ógildingu skráningar nr. nr. V0102073 MÓDULL í eigu sama aðila.

Það er mat umbjóðanda okkar að vegna þess að orðin modul/module og modular eru byggð á orðinu modulus þá verður orðið modulus að teljast lýsandi fyrir þær vörur og þjónustur sem merkinu er ætlað að auðkenna, sérstaklega allar vörur í flokki 19, fasteignaviðskipti í flokki 36 og allar þjónustur í flokki 37.

Umbjóðandi okkar flytur inn verksmiðjuframléiddar húseining frá Moelven ByggModul í Noregi og er nafnið þeirra skírskotun í þessa byggingaraðferð, þ.e. modular building eða módul-kerfi sem hefur verið þekkt og notað hér á landi um árabil. Umbjóðandi okkar notar því orðið modul sem lýsandi hluta af heiti sínu.

Það kemur skýrt fram í 1. mgr. 13. gr. vml. að ekki megi skrá orðasambönd sem eru algeng í viðskiptum. Það liggur í augum uppi að allir sem koma að innflutningi og samsetningu á einingarhúsum verða að geta notað þau erlendu heiti sem notuð eru fyrir þessa tegund bygginga. Með sama hætti og það verður að vera öllum frjálst að nota orðin steypa eða timbur.

Í ljósi þess að merkjaeigandi telur sig á grundvelli skráningar nr. nr. V0102066 MODULUS geta bannað andmælanda að nota orðið modul í viðskiptum sínum er ljóst að krefjast verður þess að skráningin sé felld úr gildi fyrir allar þær vörur og þjónustur sem tengjast byggingariðn og einingarhúsum enda getur viðbótin –us ekki aðgreint merkið frá þeirri tengingu við hin almennu erlendu heiti einingahúsa sem rakin hefur verið hér að ofan.

Af ofangreindu er ljóst að orðið modulus er lýsandi fyrir þær vörur og þjónustur sem merkinu er ætlað að auðkenna. Þá er einnig ljóst að orðið er ekki nýyrði eins og haldið er fram í greinargerð eiganda. Af öllum því sem hér hefur verið rakið er því ljóst að merkið uppfyllir ekki skilyrði laga nr. 45/1997 um skráningarhæfi.




Með vísan til framangreinds þá förum við fram á fyrir hönd umbjóðanda okkar að skráning nr. V0102066 MODULUS (orð- og myndmerki) verði felld úr gildi.

Gerist þess þörf þá áskiljum við okkur rétt á að leggja fram frekari gögn og rökstuðning í málinu.

Virðingarfyllst,

Tego ehf.



Lovísa Jónsdóttir, hugverkalögfræðingur